



Nefndasvið Alþingis
Umhverfis- og samgöngunefnd
Austurstræti 8 - 10
150 Reykjavík

Reykjavík, 26. október 2018

Efni: Tillaga til þingsályktunar um samgönguáætlun fyrir árin 2019-2033, 173. mál.
Tilv. 201810-0011

I

Bændasamtök Íslands fengu senda til umsagnar tillögu til þingsályktunar um samgönguáætlun fyrir árin 2019-2033, 173. mál. Veittur var frestur til að skila umsögn til 26. október. Bændasamtökin hafa farið yfir efni tillögunnar og gera neðangreindar athugasemdir.

II

2.1 Markmið um greiðar samgöngur

Fjallað er um áherslur í tækniþróun til að ná meginmarkmiðum áætlana í samgöngu- og sveitarstjórnarmálum í liðum 2.1.25-2.1.29. Þar segir m.a. að farnetssamband verði tryggt á þjóðvegum, fjölsóttum ferðamannastöðum og við strendur landsins. Háhraða- net og farsímatenging er í dag ekki síður nauðsynlegur hluti af fullnægjandi búsetuskilyrðum en skilvirkt samgöngukerfi. Þátttaka íbúa í dreifbýli í nútímasamfélagi veltur sér í lagi á þessu tvennu. Tryggja má bættu þjónustu við íbúa dreifbýlis með háhraða net-og farsímatengingu. Ljúka þarf lagningu og tengingu við ljósleiðara/háhraðatengingar um land allt í síðasta lagi árið 2020. Byggja þarf upp öflugt farnet (netsamband fyrir snjalltæki) jafnhliða uppbyggingu háhraðanets. Þannig verði raunverulegt aðgengi að þjónustu við íbúa dreifðari byggða bætt með fjarskiptum.

Í sama kafla er fjallað um aðgengi og hreyfanleika og að í markmiði um greiðar samgöngur felist ásetningur um gott aðgengi og mikinn hreyfanleika fyrir fólk og vöru. Vísað er til



vegastyttinga, almenningsgangna og styttingar ferðatíma innan vinnu- og skólasóknarsvæða.

Þetta tengist einnig 3. lið í kafla 1.2 (Framtíðarsýn) þar sem segir að samgöngur og fjarskipti geri landsmönnum kleift að nálgast opinbera grunnþjónustu á sem stystum tíma og á öruggan hátt. Bændasamtökin telja þetta allt góð og gild markmið en benda á að fjölmargir íbúar dreifbýlis reiða sig að stórum hluta á flugsamgöngur með tilheyrandi kostnaði. Ekki nægir að stefna að bættum samgöngum og aðgengi íbúa landsbyggðarinnar að þjónustu á höfuðborgarsvæðinu, vinnu, skóla o.fl. þar sem markmiðið er stytur ferðatími heldur þarf einnig að taka kostnaðarhlutann inn í jöfnuna. Markmiðið ætti að vera hvoru tveggja vera bættar samgöngur og lægri ferðakostnaður fyrir íbúana í landinu, þannig má raunverulega auka jafnræði og raunverulega bæta búsetuskilyrði á landsbyggðinni.

III


2.5. Markmið um jákvæða byggðaðróun

Í tillögunni er fjallað um framtíðarsýn og meginmarkmið. Annað meginmarkmiðs áætlana í samgöngu- og sveitarstjórnarmálum er sjálfbærar byggðir um land allt. Þá eru taldar upp almennar áherslur til að ná því markmiði. Þar er t.d. vísað til þarfa ferðaþjónustunnar og markmið um dreifingu ferðamanna um landið. Í upptalningu áhersla sem ætlað er að styðja við það að framangreindu markmiði verði náð er hvergi minnst á sértækan stuðning við brothættar byggðir eða íbúa í dreifbýli. Hagsmunir og þarfir ferðaþjónustunnar geta vissulega farið saman við hagsmuni bænda og íbúa dreifbýlis en svo þarf ekki að vera. Í ljósi meginmarkmiða áætlana í samgöngu- og sveitarstjórnarmálum skortir á að áhersla sé lögð á beitingu sértæks stuðnings við brothættar byggðir með markvissum hætti þar sem þörf er hverju sinni. Ekki nægir að setja niður markmið um viðleitni til að bæta hnignun í búsetuskilyrðum. Nauðsynlegt er að áætla aðgerðir er munu snúa þróuninni við. Markmið um jákvæða byggðaðróun eru of veik til að sjá megi fram á raunverulega eflingu samkeppnishæfni landsbyggðarinnar.



IV

Almennt telja samtökin nauðsynlegt að auka fjárútlát til samgangna töluvert, framkvæma þarfagreiningu og forgangsraða framkvæmdum, ekki síst með þarfir þeirra fyrir augum sem halda landinu í byggð. Taka þarf sérstaklega tillit til þróunar sem orðið hefur í vinnusókn, opinberri þjónustu og ferðaþjónustu.

Virðingarfyllst
f.h. Bændasamtaka Íslands

Guðrún Vaka Steingrimsdóttir

